

Fjölmening - málefni erlendra íbúa

Fjölmening

Í fjárhagsáætlun Fjölskylduþjónustunnar er gert ráð fyrir 10 millj. kr. viðbótarfjármagni vegna fjölmeningarmála í sveitarfélaginu. Ljóst er að leggja skal aukna áherslu á málefni erlendra íbúa og hlú að fjölmeningu sveitarfélagsins. Tilgreint er að fjármagnið skuli nýtast sem hér segir:

- Hlutastöðugildi vegna fjölmeningarmála.
- Sjóður fyrir börn innflytjenda sem nú er 500 þús. fari í 1 millj.
- Verkefni tengd innflytjendum.

Nú er starfsmaður í u.þ.b. 10% stöðugildi sem sinnir fjölmeningarmálum en er auk þess forstöðumaður í Húsinu/Skattstofunni. Helstu verkefni starfsmannsins eru að sjá um fundi fjölmeningarráðs, halda utanum og veita styrki úr sjóði sem styður við þátttöku erlendra barna í íþrótt- og tómstundastarfi og funda með samstarfsaðilum á höfuðborgarsvæðinu. Haldnir hafa verið íbúafundir um málefni innflytjenda í sveitarfélaginu. Helstu niðurstöður þeirra funda hafa verið að skortur er á upplýsingum á erlendum tungumálum til þessa hóps. Þeir hafa ekki upplýsingar um t.d. þá þjónustu sem stendur til boða í sveitarfélaginu. Nefna má einnig að gera þarf fjölmeningarstefnu fyrir sveitarfélagið.

Málefni hælisleitenda, fylgdarlausra barna, einstaklinga sem fá stöðu, útlendingar í neyð o.fl.

Hafnarfjarðarbær er með þá sérstöðu að starfrækt er móttökumiðstöð á vegum Útlendingastofnunar í sveitarfélaginu þ.e.a.s. í Bæjarhrauni. Sú þróun hefur orðið að frá því að móttökumiðstöðin tók til starfa hafa fylgdarlaus börn sem sækja um hæli á Íslandi verið færð í móttökumiðstöðina. Þar af leiðandi er leitað til barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar eftir þjónustu og stuðningi fyrir þennan hóp hælisleitenda. Fjölskyldusameiningar vegna fylgdarlausra barna eru einnig mál sem hafa verið fyrirferðarmikil hjá Fjölskylduþjónustunni. Hafnarfjörður er einnig með samning við ÚTL um þjónustu við allt að 60 hælisleitendur sem búsettir eru á Norðurlöndum. Í samningi við ÚTL er gert ráð fyrir tveimur stöðugildum til að sinna þessum hópi. Þeir hælisleitendur sem fá hæli á landinu leita eftir þjónustu hjá Fjölskylduþjónustunni. Auk þess má nefna að barnaverndarmál sem koma upp í þessum hópi er unnin af barnavernd Hafnarfjarðar.

Skipulag þjónustunnar hjá Fjölskylduþjónustunni er að deildarstjóri hefur yfirumsjón með þessum málum auk félagsráðgjafa. Á haustmánuðum var sú ákvörðun tekin að fá verktaka að málunum og verður krafist greiðslna frá ríki vegna þess kostnaðar. Deildarstjóri ber ábyrgð á vinnslu og þróun þessara mála. Áhersla er á samvinnu við Fræðsluskrifstofu og starfsmann fjölmeningar.

Hafnarfjörður 16. janúar 2019
Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri.